

**Sp.**

**240. Tillaga til þingsályktunar**

[135. mál]

um námskeið í vinnuhagræðingu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga.

Flm.: Sigurður Ingimundarson, Benedikt Gröndal, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands að halda kynningarnámskeið í vinnuhagræðingu og grundvallarreglum ákvæðisvinnu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga. Ber að halda slík námskeið í samráði við samtök launþega, eftir því sem nauðsynlegt reynist.

**Greinargerð.**

Það er staðreynd, sem ekki verður umflúin, að þjóðin getur ekki, þegar til lengdar lætur, aukið lífskjör sín örar en framleiðsluaukningin leyfir. Almennar kauphækkningar umfram það, sem hægt er að byggja á aukinni framleiðni, leiða til verðbólgu, en ekki kjarabóta, og er af því fengin ærin reynsla hér á landi.

Því er að vísu haldið fram, að lífskjör almennings hér á landi séu betri en víðast hvar annars staðar. Þessi góðu lífskjör byggjast þó fyrst og fremst á mikilli atvinnu og óhóflega löngum vinnutíma, sem varla verður unnað við til lengdar.

Vafasamt má telja, að unnt reynist að ráða bót á þessu á skömmum tíma, nema launþegasamtökin taki upp nýja þætti í kjarabaráttu sinni, er miði að aukinni framleiðni og tryggi raunhæfar kjarabætur og stytta vinnutíma.

Varla er að efa það, að launþegasamtökum frændþjóða vorra á Norðurlöndum hefur orðið meira ágengt í kjarabaráttunni en íslenskum launþegasamtökum, a. m. k. undanfarin 15 ár, enda þótt kauphækkningar hafi orðið hér margfalt meiri. Launþegasamtök þessara landa hafa á ýmsan hátt lagt inn á nýjar leiðir. Má þar t. d. nefna hagstofnanir launþegasamtakanna, sem hafa sérfræðinga í þjónustu sinni, er fylgjast með þróun efnahagsmála og halda uppi viðtækri fræðslustarfsemi fyrir meðlimi samtakanna og gæta hagsmuna þeirra. Þá eru ekki síður athyglisverðar tæknistofnanir samtakanna, sem hafa á að skipa sérfræðingum í hagræðingartækni, er aðstoða samtökin og gæta hagsmuna þeirra í samningum við atvinnurekendur um það, hvernig vinnuhagræðing, vinnurannsóknir og ákvæðisvinna verði bezt nýtt til aukinnar framleiðni og bættra lífskjara. Auk þess eru hundruð trúnaðarmanna verkafólks á vinnustað þjálfaðir á sérstökum námskeiðum til þess að gæta hagsmuna þess í sambandi við framkvæmd vinnuhagræðingar og útreikning tímamældrar ákvæðisvinnu. Í Noregi eru þessir trúnaðarmenn aðallega þjálfaðir í sérstakri ríkisstofnun, Statens teknologiske Institutt.

Norsku verkalýðssamtökin gerðu árið 1945 samning við atvinnurekendur um samstarfsnefndir eða framleiðslunefndir við stærri fyrirtæki, er ætlað er það hlutverk að gera tillögur um aðgerðir, er miða að aukinni framleiðni til hagsbóta fyrir atvinnureksturinn og þá, sem við hann starfa.

Á árinu 1947 gerðu þessir aðilar með sér samning um það, hvernig hagnýta bæri hagræðingartækni til aukinnar framleiðni, og er ýtarlega gengið frá réttindum og skyldum beggja aðila í sambandi við framkvæmd vinnurannsókna og fyrirkomulag ákvæðisvinnu.

Má telja báða þessa samninga merk spor í átt til atvinnulýðræðis, og telja norsk verkalýðssamtök, að þessir samningar hafi átt mikinn þátt í aukinni framleiðni og bættum lífskjörum norsku þjóðarinnar undanfarin ár.

Enn má nefna, að þessir sömu aðilar gerðu samning um það á árinu 1958 að stytta vinnutímamann í norska iðnaðinum úr 48 í 45 klst., en standa jafnframt að sam-eiginlegu átaki til aukinnar framleiðni, svo að unnt yrði að gera þetta án lækkunar á dagkaupi, og reyndar hækkaði það nokkuð á árinu. Eftir á lýstu báðir aðilar, verkalýðssamtökin og atvinnurekendur, því yfir, að þessi ráðagerð hefði tekizt.

Þess skal að lokum getið, að sérfræðingar telja, að með kerfisbundnum vinnurannsóknnum megi með fullri vissu gera ráð fyrir 20—30% framleiðsluaukningu og meira, ef framleiðsluskipulagi er mjög ábótavant.

Nauðsynlegt er, að verkafólk njóti frá upphafi aðstoðar þjálfaðra trúnaðarmanna á þessu sviði, er séu þess umkomnir að gæta hagsmuna þess og stuðla að því, að þessi nýja verktækni verði nýtt til aukinnar framleiðni og bættra lífskjara. Er þessari þingsályktunartillögu ætlað að stuðla að því.

Í Iðnaðarmálastofnun Íslands eru ákjósanleg skilyrði til slíkrar fræðslustarfsemi, og má framkvæma hana þar án nokkurs stofnkostnaðar.